

Al-Jedda gegn Bretlandi – Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 27021/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frelsisvipting. Ályktun öryggisráðs SP. Stofnskrá SP. Grunur um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi.

1. Málsatvik

Kærandi, Hilal Abdul-Razzaq Ali Al-Jedda, fæddur árið 1957, er íraskur ríkisborgari. Hann býr í Ístanbúl í Tyrklandi.

Kærandi fluttist til Bretlands árið 1992. Honum var veitt pólitískt hæli í landinu og ótímabundið dvalarleyfi. Hann fékk breskan ríkisborgararétt í júní árið 2000. Í september árið 2004 ferðuðust kærandi og fjögur börn hans til Íraks. Þar var kærandi handtekinn af bandarískum hermönnum, að beiðni breskra njósnastofnana, og hann loks vistaður í bráðabirgðafangabúðum breska hersins í borginni Basrah í Írak. Þar var honum haldið fongnum í þrjú ár eða til loka árs 2007. Bresk yfirvöld töldu þetta nauðsynlegt þar sem kærandi var grunaður um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi í Írak. Þessar upplýsingar voru ekki bornar undir kæranda og hann var aldrei ákærður.

Breskir dómstólar töldu að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1546, sem ætti stoð í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, kvæði á um skyldu ríkja til að fangelsa einstaklinga sem ógnuðu öryggi Íraks. Ályktunin gengi framár 5. gr. Mannréttindasáttmálans, sbr. 103. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, en síðarnefnda ákvæðið mælir fyrir um að verði árekstur milli skuldbindinga aðildarríkja að Sameinuðu þjóðunum samkvæmt stofnskránni og annarra alþjóðasamninga, skuli stofnskráin ganga framár. Kröfu kæranda var því hafnað. Kærandi var sviptur breskum ríkisborgararétti með vísan til þess að hann hefði aðstoðað hryðjuverkamenn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að frelssvipting hans frá 10. október 2004 til 30. desember 2007 hefði brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að frelssvipting kæranda var ekki í samræmi við 5. gr. sáttmálans. Að mati dómstólsins þótti ljóst að bresk stjórnvöld báru ábyrgð á frelssviptingu kæranda, en ekki Sameinuðu þjóðirnar eins og bresk yfirvöld héldu fram, enda höfðu Sameinuðu þjóðirnar ekki yfirráð yfir hersveitunum sem störfuðu í landinu og handtöku kæranda. Kærandi hefði verið í haldi breskra hermanna og á ábyrgð breska hersins.

Í ljósi þeirra markmiða sem bjuggu að baki stofnun Sameinuðu þjóðanna taldi dómstóllinn að túlka yrði ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þannig að þær samræmdust ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu eftir því sem kostur væri á. Af þessum sökum yrðu ályktanir ráðsins ekki túlkaðar á þann veg að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skyldu virða að vettugi ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála nema slíkt væri skýrlega tekið fram. Dómstóllinn taldi að ályktun öryggisráðsins númer 1546 hefði ekki lagt þá skyldu á Bretland að svipta þá einstaklinga sem gátu verið hættulegir öryggi Íraks frelsi ótímabundið og þess vegna væri ekki ósamræmi milli ályktunarinnar og 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Var því komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn umræddu ákvæði sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 25 þúsund evrur í miskabætur og 40 þúsund evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði sératkvæði með annarri niðurstöðu.